

Bylting í flugkennslu

Keilir Flugakademía



Straumflínulagaður vængur DA-20.

Ein af vélum Keilis við hliðina á C-5 Galaxy herpotu



Flugakademía Keilis
Eldey – Grænásbraut 910
Bygging 878, Keflavíkflugvelli

235 Reykjanesbær

www.keilir.net
E: keilirgrp@keilir.net
S: 578-4000
F: 578-4001

DA-20 Eclipse

DA-20 vélin er tveggja sæta kennsluflugvél og er byggð úr koltrefjaefnum eins og allar Diamond flugvélar.

Hún er búinn 125 hestafla bensínhreyfli sem eyðir um 22 lítrum á klst.

Hún er gríðarlega hagkvæm og svifgeta hennar er 40% betri en á sambærilegum kennsluvélum (Cessna 152).

DA-20 flugvélin er útbúin hefðbundnum flugmælitækjum, en er þó með GPS leiðsögutæki og Mode S ratsjársvara.

Vélin hentar einkar vel fyrir byrjendur og er notuð í kennslu fyrir einkaflugmenn.

Nýjar flugvélar

Þó svo að Keilir sé að taka í notkun glænýjar flugvélar, þá eru þær ekki reynslulausar.

DA-20 flugvélin hefur meðal annars verið valin af Bandaríska flughernum (USAF) til grunnþjálfunar á flugmönnum og er í notkun hjá mörgum helstu flugskólum heims.

Helstu staðreyndir

Eyðsla:	22 lítrar á klst (AVGAS)
Afl:	125 hestafla Continental-hreyfill
Farflugshraði:	120 hnútar (222 km/klst)
Keflavík-Akureyri	1:30 mín.
Kostnaður	16.900 kr/klst*



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Flugmælitæki framtíðarinnar

Keilir Flugakademía

DA-40 TDI

DA-40 TDI er útbúinn hátækniflugvélahreyflum sem eru tölvustýrðir og ganga fyrir þotueldsneyti.

Þeir eru með forþjöppu og eru upprunalega hannaðir og smíðaðir af Mercedes Benz.

Hreyflarnir eru 135 hestöfl, sem ekki telst mikið en sökum hámarksnýtni og hagkvæmrar hönnunar, er afkastageta DA-40 TDI með ágætum og heldur hún fullu afli upp í farflugshæðir.

Flugmælitækin eru af gerðinni Garmin G1000 og samanstanda m.a. af tveimur tölvuskjám þar sem allar helstu flugupplýsingar koma fram.

Flugvélnar eru útbúnar tveimur GPS tækjum ásamt hefðbundnum siglingatækjum sem leyfa flug í blindflugsskilyrðum.

Farflugshraði DA-40 vélanna er 125 hnútar.

Koma þessara flugvéla í hinn íslenska flugflota marka þáttaskil í flugþjálfun á Íslandi þar sem aldrei áður hafa jafn tæknilega fullkomnar flugvélar verið keyptar til landsins, eingöngu til þjálfunar á flugmönnum.



Helstu kostir DA-40 TDI

- Hreyfillinn er afar sparneytinn og sá umhverfisvænasti sem völ er á í flugvélar.
- Tækjabúnaður um borð er einn sá fullkomnasti sem völ er á, og eru þær því frábærar til þjálfunar í blindflugi.
- Samkvæmt rannsóknum eru flugvélnar með þeim öruggustu sem finnast.
- Einstaklega góðir flugeiginleikar gera þær afar hentugar fyrir flugþjálfun á Íslandi. Vegna mikils vænghafs næst mikið öryggi ef hreyfill bilar á flugi þar sem vélin hefur einstaka svif-eiginleika.
- Með tilkomu flugvélna býðst íslenskum sem og erlendum flugnemum tækifæri á að fljúga afar fullkomnum flugvélum á einu hagstæðasta verði sem hefur boðist flugnemum til þessa.

Helstu staðreyndir

Eyðsla:	20 lítrar á klst (þotueldsneyti JET A-1)
Afli:	135 hestafla Thielert hreyfill
Farflugshraði:	125 hnútar (231 km/klst)
Keflavík-Akureyri	1:25 mín.
Kostnaður	19.250 kr/klst*

DA-42 NG (New Generation)

DA-42 NG er flaggskip flotans. Vélin er útbúin til flugs í ísingarskilyrðun og er ein af fáum kennsluvélum sem hefur slíkan búnað.

Hún er einnig búin tölvustýrðum díselhreyflum sem eru í senn sparneytnir og aflmiklir en hvor hreyfill er 168 DIN hestöfl.

Flugmælitækin eru af sama toga og í DA-40 TDI, nema fullkomnari.

DA-42NG er með fullkominni sjálfstýringu, sem líkist því sem notað er í stórum farþegaþotum.

Flugvélin er með sætum fyrir fjóra ásamt farangri.

Klifurgeta vélarinnar á einum hreyfli er slík að hún getur flogið yfir öll fjöll og jökla á Íslandi skyldi annar hreyfillinn bila. Sambærilegar kennsluflugvélar ná ekki að fljúga í lágmarkshæð yfir Esjuna í slíkum aðstæðum.

Hreyflarnir eru tölvustýrðir (FADEC) og vatnskældir. Það leyfir að dregið sé úr afli á meðan flugi stendur til að líkja eftir hreyfilbilum, nokkuð sem nauðsynlegt er að gera í þjálfunarskyni. Því miður eru hefðbundnir flugvélahreyflar loftkældir og skemmast því fljótt við slíkar æfingar. DA-42 NG er því ónæm fyrir hita og kuldabreytingum sem herja á hreyflana í æfingarflugum.



Helstu kostir DA-42 NG

- Vélin er með ísvarnarbúnað – nauðsynlegt á Íslandi.
- Vélin er með sjálfstýringu og flugbeini (flight director) sem gerir alla þjálfun atvinnuflugmanna markvissari.
- Vélin er með tölvustýrðum flugvélahreyflum sem ganga fyrir þotueldsneyti og nær því hámarksafköstum með lágmarkseyðslu.
- Flugvélin er hraðskreið og einkar góð til ferðalaga.
- Flugmælitækin eru í takt við nútímann, örugg staðsetningartæki og búnaður til að fljúga blindflug.

Helstu staðreyndir

Eyðsla:	47 lítrar á klst (þotueldsneyti)
Afl:	2 x 168 hestafla Austro hreyflar
Farflugshraði:	170 hnútar (315 km/klst)
Keflavík-Akureyri	1:00 mín
Keflavík – Egilsstaðir	1:30 mín
Keflavík – Vogar Færeyjum	2:45 mín
Keflavík – Bergen	5:10 mín

Kostnaður 46.200 kr/klst*

Námskeið eru haldin reglulega fyrir flugmenn sem vilja kynna sér nýja tækni og læra á þessi flugmælitæki.

Námskeiðin kosta 15.000 kr, en kaupi menn 5 eða fleiri flugtíma fæst bóklega námskeiðið með í kaupunum.

Flughandbók vélarinnar fylgir með.

Fjölbreytt nám á sviði flugsins

- Einkaflugmaður – PPL
- Atvinnuflugmaður – CPL
- Blindflugsréttindi – IR
- Bóklegt atvinnuflugmannsnám – ATPL

- Flugþjónustunám (flugfreyjur/-þjónar)

- Flugumferðarstjóranám (ATCO)

- Flugrekstrarstjórnun (væntanlegt)

- Flugvirkjun (væntanlegt)

- Upprifjunarnámskeið fyrir flugmenn

- Flugvörur, reiknistokkar, bækur, logbækur, plotterar, kennsluefni á diskum, handbæku og fleira.

* Uppgefin verð miðast við ágúst 2010. Verðbreytingar geta hafa átt sér stað síðan þá.

Keilir Flugakademía
Bygging 878 Keflavíkurflugvelli
Flugskýli 780.



Skýli 780

Keflavíkurflugvelli
Viðhaldsaðili GMT ehf

Hér má sjá flugflota
Keilis í glæsilegu
flugskýli nr. 780 á
Keflavíkurflugvelli